



LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

**Ársskýrsla
2008**

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Framkvæmdir árið 2008.....	2
Framkvæmdaáætlun 2009.....	4
Fundargerðir ráðgjafanefndar 2008.....	5
Fundargerðir stjórnar LNH 2008	15

Fylgigögn

Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2008

Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2003 til 2008

Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2008

Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Í lögum um landgræðslu nr. 17/1965 segir m.a. í þriðja kafla og 17. grein að „sá, sem landsspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.“ Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapast um 32 km² af grónu landi undir Hálsslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluáðgerðum, áætlanagerð og árangursmati en tveir verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á.

Framkvæmdir árið 2008

Framkvæmdir 2008 fólust í dreifingu á áburði og fræi á lítt gróið land og styrkingu á eldri sáningar og áburðardreifingar, bæði uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Brú. Alls voru notuð 200,4 tonn af áburði á um 1370 hektara lands. 2,8 tonn af fræi var sáð á áreyrarnar. Áburðar- og frædreifing á áreyrar fór fram dagana 27. til 30. júní eða um leið og fært var yfir álana. Áburðardreifing upp á heiði var framkvæmd dagana 1. til 8. júlí. Mikill snjór var þar í vetur og mikil bleyta í jarðvegi fram eftir, því var ekki hægt að bera á fyrr. Samið var við sömu verktaka og á árunum á undan, þá Snæbjörn V. Ólason á Hauksstöðum og Benedikt Arnórsson á Hofteigi. Að auki var Agnar Benediktsson í vinnu hjá þeim. Dreifingin gekk afar greiðlega fyrir sig, en frædreifing á áreyrar gekk seinlega því erfitt var að dreifa fræi af beringspunti sem er það létt og lítið að það átti til að fjúka eða svífa upp í dreifarann.

Heiðin

Borin voru 129,6 tonn af áburði á um 926 hektara af heiðarlandi. Það magn skiptist á eftirfarandi staði:

Brú

Alls voru um 46,2 tonn af áburði dreift í landi Brúar á um 308 hektara. Átak var gert í því að styrkja eldri uppgræðslusvæðin milli Þverár og vegar en einnig var borið á uppgræðslusvæðin milli vega, við Rauðaberg, fjárhús og utan Þverár.

Vaðbrekkuháls

Notuð voru 4,8 tonn af áburði til að styrkja 28 ha af uppgræðslusvæðum norðan í Vaðbrekkuhálsi. Borið er á sitthvort svæðið á hálsinum annað hvert ár.

Skænudalur

Alls voru borin 6,1 tonn af áburði á um 62 hektara í Skænudal. Borið var á efra svæði og það stækkað eitthvað yfir hálsinn. Aðeins voru borin á um 100 kg á hektara.

Faxahús

Hér voru borin á 20,3 tonn á 129 hektara. Í þetta sinn var vestari hluti svæðisins styrktur.

Múli

Borin voru 6 tonn af áburði á um 38 hektara fyrir neðan veg við Múla. Það svæði var áburðarþurft vorið 2008 og hefur tekið mjög vel við sér eftir áburðargjöfina.

Grunnvatnsalda

Alls var um 11,4 tonnum af áburði dreift á um 114 hektara, nyrst á Grunnvatnsöldu. Vestan vegar var svæðið stækkað í ár, borið var á um 100 kg á hektara.

Sænautasel

Það svæði hefur hentað vel sem „gildra“ fyrir kindur þannig að lögð hefur verið áhersla á að styrkja hluta af svæðinu á hverju ári. Í ár voru borin 9,6 tonn af áburði á um 82 hektara.

Jökuldalsheiði milli vega

Borin voru 25,2 tonn af áburði á um 165 hektara. Þar með var verið að styrkja flest þau svæði sem hafa áður fengið áburð.

Áreyrar Jökulsár

Mikil aukning var á aðgerðum á áreyrum Jökulsár til að reyna að binda sandfok af svæðinu. Í heild fóru 44,4 tonn af áburði og 2,8 tonn af fræi á 207 hektara. Frætegundir sem voru notaðar voru 2 tonn af óhúðuðum beringspunti, 147 kg af óhúðuðu melfræi og 653 kg af túnvingli, þar af 503 óhúðað og 150 eldra og húðað fræ. Allar sáningar voru valtaðar.

Áreyrar Jökulsár – Fossvellir

Á eyrina fyrir neðan Fossvelli var borið 1,2 tonn af áburði og sáð 100 kg af túnvingli á um 4 hektara svæði.

Áreyrar Jökulsár – Litli Bakki

Alls var um 9,6 tonnum af áburði og 600 kg af beringspunti dreift á um 40 hektara.

Áreyrar Jökulsár – Surtsstaðaeýrar - Hallgeirsstaðir

Þetta eru margar eyrar, í heild 44 hektarar sem fengu 10,2 tonn af áburði og 100 kg af beringspunti og 553 kg af túnvingli.

Áreyrar Jökulsár - Galtastaðir

Borin voru 8,4 tonn af áburði og sáð 500 kg af beringspunti og 147 kg af melfræi. Aðgerðarsvæðið nemur 51 hektara.

Áreyrar Jökulsár - Hólmatunga

Þetta er svæði sem fékk áburð í fyrra og svo var borið aftur á núna 1,2 tonn af áburði á 4 hektara.

Áreyrar Jökulsár - Hólmatunga

Borin voru 13,8 tonn af áburði og sáð 800 kg af beringspunti á 64 hektara.

Framlag til bænda

Á þessu ári var 26,4 tonnum af áburði veitt til bænda til uppgræðslu í eigin landi á um 237 hekturum. 1,8 tonn fóru í Hákonarstaði, 1,8 tonn í Eiríksstaði, 6 tonn í Arnórsstaði, 6 tonn í Mælivelli, 2,4 tonn í Teigarsel, 2,4 tonn í Hnefilsdal og 6 tonn í Möðrudal.

Árangur

Árangur uppgræðslunnar í heild hefur verið góður þó að sumsstaðar hafi þurrkur væntanlega eitthvað dregið úr honum.

Ekki tókst í haust að skoða og meta nákvæmlega uppgræðslusvæði Landbótasjóðs við áreyrar Jöklu. Fyrst í haust var of mikið vatn í ánni og síðar var oft snjór yfir svæðinu.

Framkvæmdaáætlun 2009

Í töflu hér að neðan er að finna áætlun eftir svæðum fyrir sumarið 2009.

Svæði	Áburður tn	Fræ kg
Áreyrar	60	1000
Unglingar	7,8	500
Bændur	30	
Brú	34,8	
Hrafnkelsdalur	4,8	
Vaðbrekkuháls	4,8	
Skænudalur	9,6	
Hallarfjall	0	
Faxahús	10,6	
Laugarvallardalur	12	
Múli	0	
Sænautasel	9,6	
Grunnvatnsalda	6	
Jökuldalsheiði milli vega	30	
Samtals	220	1500

Fundargerðir ráðgjafanefndar 2008

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Egilsstöðum, 14. mars 2008 kl 13:00

Mættir: Arnór Benediktsson og Guðrún Schmidt

1. Ársskýrslan 2007 verður með svipuðu sniði og áður, þ.e. að ársreikningur Landbótasjóðs, fundargerðir sjóðsstjórnar og ráðgjafanefndar verða með í henni ásamt upplýsingum um það sem var gert á árinu.
2. Áætlun 2008: Sjóðsstjórn ákvað á fundi sínu fyrir stuttu að vegna mikillar hækkunar á áburðarverði kaupi Landbótasjóður einungis 200 tonn af áburði í staðinn fyrir 300 tonn. Með það í huga fór ráðgjafanefndin í gegnum eldri áætlun fyrir árið 2008 og breytti henni, sjá meðfylgjandi töflu hér að neðan. Þá breytingu þarf að skoða með þeim fyrirvara að meta þarf svæðin í vor áður en áburðardreifingin hefst. Þá gefst svigrúm til að breyta áætlunni eftir þörfum svæða og er sú tala sem nefnist óráðstafað meðal annars hugsuð til þess. Með hliðsjón af niðurstöðum úr áburðartilraun Landgræðslunnar og af fenginni reynslu verður prófað að bera minna magn af áburði á ha (um 100kg/ha) á völdum svæðum þannig að hægt verði að draga úr áburðarnotkun en bera samt á flest öll svæðin sem eru komin af stað í uppgræðslu. Landgræðslan ætlar að búa til yfirlitskort þar sem stærðir núverandi uppgræðslusvæða koma fram og einnig stærðir yfir þau svæði sem fengu áburð árið 2007.
3. Ákveðið var að skoða áreyrnar þegar snjóá leysir en ekki seinna en í byrjun maí og hafa loftmyndirnar til hliðsjónar við mat á aðgerðum. Áætla þarf fræmagn sem þarf á áreyrnar.
4. Rætt var um það að reyna að fá vinnuskóla Landsvirkjunnar meira til starfa fyrir Landbótasjóð N-Héraðs á þeim svæðum sem eru óaðgengileg vélum eins og t.d. í hlíðum Hrafnkelsdals.

	Áætlun 2008 úr áætlun 2006-2010 Áburður, kg	Breytt áætlun 2008 Áburður, kg
Brú	10.200	0
Brú, framan fjárhúsin	6.600	3.600
Brú, framan við Garðá, Vöðruhraun	7.200	3.600
Brú, ofan við Gullberg-Rauðaberg	14.400	8.400
Brú, utan Þverár	1.800	1.800
Meðfram Þverárvatni	20.000	10.200
Sunnan Djúpagils	0	0
Norðan Djúpagils	0	0
Múli	2.400	2.400
Aðalból		
Faxahús	10.200	5.400
Faxahús til vesturs	30.000	15.000
Hrafnkelsdalur	4.800	0
Vaðbrekka		
Skænudalur	0	0

Skænudalur til norðvesturs yfir háls	9.600	6.000
Vaðbrekkuháls	5.000	4.800
Sænautasel	18.000	12.000
Grunnvatnsalda-Netsel	30.000	10.200
Vestari hluti Grunnvatnsöldu	0	0
Hallarfjall	6.000	0
Laugarvalladalur	13.800	4.800
Jökuldalsheiði milli vega	50.000	30.000
Framlag til bænda	20.000	25.200
Farvegur Jökulsár	40.000	40.200
Óráðstafað		16.400
Samtals	300.000	200.000

Fundi slitið kl 14:30. Fundarritari var Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 19. júní 2008

Þann 19. júní fóru Arnór Benediktsson, Benedikt Arnórsson, Guðmundur Ólason og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna aðstæður og ræða um aðgerðir sumarsins.

- Eyrurnar neðan við fjárhúsin við Blöndugerði eru leirur að hluta en mól þekur hinn hlutann. Lagt var til að sá um tveimur pokum af fræi með 300 kg af áburði.
- Á eyrunum neðan og sunnan við Surtsstaði var sáð í bletti sem standa hátt uppi síðasta sumar. Árangurinn af því er góður.
- Á eyrinni þar fyrir utan var í fyrra sáð óhúðuðu fræi, það valtað og heyi dreift. Árangurinn af sáningunni var góður og bar af miðað við sáningar þar sem ekki var valtað yfir. Töluvert af foksandi hefur safnast saman í gróðrinum. Hluti svæðisins hefur verið undir vatn í einhvern tíma en það virðist ekki hafa dregið mjög mikið úr árangri við uppgræðslu þar.
- Ekki var hægt að komast á uppgræðslusvæðið á eyrunum við Hólmatungu. Þar var í fyrra sáð sauðvingli og óhúðuðum túnvingli og svæðið valtað. Athuga þarf hvort hægt sé að semja við Kristján um hlið í gegnum skógræktargirðinguna.
- Eyrin hjá Galtastöðum: norð-austan frá innkeyrslu er mikill sandur. Í hluta af svæðinu var sáð fræi í fyrra en ekki var valtað yfir sáninguna. Árangurinn er sæmilegur. Suð-vestur frá innkeyrslu var gróður fyrir á stóru svæði sem hefur verið styrktur með áburði. Þar sem enginn gróður var fyrir var sáð fræi í fyrra sem hefur aðallega spírað í hjólförum. Athuga þarf að hinu megin er mjög hár vatnsbakki þar sem líklegt er að fjúki úr þegar vatnsstaðan er lág. Kanna þarf fyrirkomulag malartekju á þessu svæði til að átta sig á hvaða svæði er þar undir.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðun á áreyrum Jöklu

Minnismiði, 22. maí 2008

Arnór Benediktsson og Guðrún Schmidt fóru í skoðunarferð um áreyrar Jöklu m.a. með það í huga að finna svæði sem hentar vel til lítillar tilraunar með rykbindiefni. Tilraunin er á vegum Landsvirkjunar, aðallega til að prófa tæknibúnað og dreifingu með mismunandi styrk rykbindiefnis á um einum til tveimur hekturum.

Farið var á svæðið fyrir neðan Litla Bakka. Það svæði stendur væntanlega alltaf yfir vatni en það var enn blautt og þar af leiðandi lítið um fok. Mól þekur stóran hluta svæðisins en auðir blettir eru inn á milli þar sem foksandur og leir hefur safnast saman. Ákveðið var að svæðið hentar ágætlega fyrir þessa tilraun og lögð áhersla á að rykbindiefni yrði aðallega dreift á auðu sandsvæðin. Landið sem um er að ræða er í eigu Litla Bakka, Hallgeirsstaða, Vörðubrúnar og Hrafnabjarga. Leitað var eftir samþykki landeigenda og voru allir samþykkir þessu.

Í ferðinni voru einnig skoðuð væntanleg uppgræðslusvæði og árangur aðgerða frá í fyrra metinn.

- Eyrar neðan Litla Bakka: áburðarsvörun sést greinilega en gróðurþekjan er mjög strjál. Þar ætti að sá fræi í sumar. Á ákveðnu svæði var sáð fræi í fyrra en það kom aðallega upp í hjólförum (sjá mynd 1).



Mynd 1: Fræið náði aðallega að spýra í hjólförum.

- Árangur uppgræðslunnar á eyrunum við Hrafnabjörg sést vel frá veginum.
- Einnig var góður árangur sjáanlegur af uppgræðslu með heyi.
- Við Hlíðargarð var stór hluti eyranna undir vatni. Í vetur hafði myndast mikið af klaka sem settist að hluta yfir gróðursetningar skógarplantna.



Mynd 2: Við Hlíðargarð. Mikið af eyrum voru undir vatni.

Mikið vatn var í ánni á skoðunardegi þannig að það var ekki hægt að komast á flest svæðin. Samkvæmt vatnamælingum frá Orkustofnun við Hjarðarhaga var mesta rennslið þar um $190 \text{ m}^3/\text{s}$ og mesta vatnshæðin um 215 cm þann dag. Hluti af aðgerðarsvæðum frá því í fyrra voru undir vatni og hluti undir klaka í vetur. Rennslið á væntanlega eftir að hækka ennfrekar vegna snjóleysinga í fjöllum.

Spjallað var um það að fína sandefnið sest aðallega niður þar sem vatn flæðir yfir þegar vatnsstaðan er há þannig að sandurinn er einmitt á þeim stöðum sem eru erfið að græða upp vegna flæði vatns.

Reynt var að meta fræþörf fyrir aðgerðir sumarsins. Þar sem það þarf að sá fræi við nær flestar áburðardreifingar verður þörfin mikil eða allt að tveimur tonnum. Rætt var um það að beringspunktur gæti komið til greina. Hann þolir vel sand, er hávaxinn og hæfur til að ná því markmiði að stoppa sandfokið sem fyrst. Melgresi er síðan hægt að sá á þeim stöðum þar sem ekkert fé kemst að. Nákvæm áætlun fyrir þetta sumar verður síðan gerð þegar hægt verður að komast á svæðin til að skoða aðstæður og árangur fyrri aðgerða betur. Væntanlega verður ekki hægt að vinna að uppgræðslu fyrr en í júlí vegna hárrar vatnsstöðu.

Guðrún Schmidt ritaði minnisblaðið

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar og fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar

Minnisblað, 26.6.2008

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar, mætt: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson, Benedikt Arnórsson og Guðrún Schmidt. Dagurinn byrjaði með því að rætt var saman yfir kaffi og meðlæti á Skjöldólfsstöðum.

- Arnór bauð Dagbjart velkominn inn í ráðgjafarnefndina en Hugrún Gunnarsdóttir, sem var í nefndinni á undan honum, er hætt að vinna hjá Landsvirkjun.
- Vegna mikillar hækkunar á áburðarverði þurfti að minnka heildaráburðarmagnið úr 300 tonnum í 200 tonn þannig að breyta þurfti áætluninni.
- Búið var að kaupa fræ sem á að sá í áreyrar Jöklu.

- Rætt var um að þörf er á því að búa til myndir þar sem nákvæmlega kæmi fram hvaða aðgerðum var beitt á hvaða svæði fyrir sig.
- Lífsvalsmenn eiga sáningarvél, staðsetta út í Jökulsárhlíð, og var rætt um það að athuga hvort það væri hægt og hagkvæmt að fá hana lánaða til að nota á áreyrunum.
- Arnór sagði frá því að Landsvirkjun áætla að fljúga aftur yfir áreyrar Jöklu núna í lok júní til að taka aftur myndir af svæðinu.
- Til tals kom að athuga samninga við verktaka miðað við breytingar á áburðarmagni sem dreifa á.

Síðan var farið um stórann hluta af uppgræðslusvæðum Landbótasjóðs Norður-Héraðs. Helstu niðurstöður úr þeirri ferð voru eftirfarandi:

- Skænudalur til norð-vesturs yfir Háls: borið verður á um 100 kg/ha. Það svæði er ekki erfitt yfirferðar og hentar þar af leiðandi vel til að athuga betur hversu mikið af áburði er nóg til að ná viðunandi árangri.
- Sleppa á að bera á svæðin í Laugarvallardal í ár og áburðurinn sem var áætlaður á það svæði á að bera á Múlann.
- Á svæðið Grunnvatnsalda – Netsel á einnig að prófa að bera á um 100 kg/ha.
- Í áætlun fyrir aðgerðir 2008 var töluvert magn af áburði skráð sem óráðstafað til að geta notað á þeim svæðum sem helst þurfa á áburði að halda. Ákveðið var að nota óráðstafaðann áburð á eftirfarandi svæði: Brú framan við fjárhúsin, meðfram Þverávatni, Múli og Grunnvatnsalda-Netsel. Verktökum er treyst fyrir því að skipta áburðarmagni eftir þörfum á milli þessara svæða.
- Að þessum atriðum frátöldum verður farið eftir áætlun sem var gerð í vor.
- Áreyrar: það hentar að sá melfræi á Galtastaðareyrum, upp undir 30 kg af óhúðuðu melfræi á ha. Beringspunti á að sá á Hólmatungueyrar og túnvingli og beringspunti á miðsvæði, um 15 kg/ha af óhúðuðu fræi.

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðstjórnar kl 16:30 á Skjöldólfsstöðum, mætt: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson, Benedikt Arnórsson, Guðrún Schmidt, Guðmundur Ólason, Anna Bragadóttir og Vilhjálmur Snædal.

- Arnór bauð fundarmenn velkomna og sagði frá ferð ráðgjafarnefndar og uppgræðsluáætluninni ásamt þeim breytingum sem voru gerðar í henni.
- Hann skýrði frá því að búið væri að kaupa 2,7 tn af fræi hjá Landgræðslunni, þar af voru 150 kg melfræ, 500 kg túnvingull og 2,05 tn af 2 fl beringspuntafræi. (Annars flokks fræ þýðir ekki að fræið sé lélegt að gæðum heldur að það leynist einnig eitthvað af öðrum frætægundum með eins og t.d. vallarsveifgras).
- Sagt var frá því að Landvirkjun áætla að fljúga aftur yfir áreyrar Jöklu núna í lok júní til að taka myndir af svæðinu. Þá er hægt að bera myndirnar saman við þær sem teknar voru í fyrra m.a. til að átta sig betur á þeim svæðum sem standa upp úr vatni.

- Talað var um tilraunina með rykbindiefni sem var gerð á vegum Landsvirkjunar á áreyrunum neðan Litla Bakka.
- Rætt var um stöðu aðgerðaskráninga. Misræmi er í ársskýrslu 2007 hvað varðar framlag til bænda. Æskilegt væri ef hægt væri að vinna úr GPS skráningum hér fyrir austan en núna eru gögnin send í Gunnarsholt.
- Guðmundi var falið að athuga hvort hægt væri að fá raðsáningarvélina lánaða hjá Lífsválmönnum.
- Guðmundur biður Dagbjart velkominn og skýrir síðan frá starfsgrundvelli og peningamálum sjóðsins í grófum dráttum.
- Leita á til framkvæmdaraðila við að koma að frækaupum vegna áreyranna og ætlar Dagbjartur að tala um það við Landvirkjun.
- Rætt var um fyrirkomulag við völtun.
- Rætt var einnig um það hvort Landvirkjun gæti borgað völtun og vinnu með sáningarvél m.a. í samræmi við það sem Pétur Ingólfsson sagði í fyrra um að flýta fyrir uppgræðslu á áreyrunum.
- Sagt var frá því að bændur fá úthlutað 25 tn af áburði til dreifingar á sínum svæðum.
- Ákveðið var að fundargerðir á vegum ráðgjafarnefndar eða sjóðsstjórnar verða alltaf sendar á milli nefndar og stjórnar.
- Skoða þarf samninginn við verktaka m.t.t minnkunnar á áburðarmagni og gjald á ha.
- Athuga þarf fyrir næsta ár hvort nauðsynlegt væri að kaupa nýtt GPS tæki. Sjóðurinn á tvö góð tæki og eitt sem er ekki eins góð að gæðum.

Fundi slitið með kvöldverði á Skjöldólfsstöðum kl.19:00.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar haustið 2008

Minnisblað

Skoðunarferð 15. og 16. september 2008

Mætt: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson, Guðrún Schmidt sem einnig ritaði minnisblaðið. Þann 15. fóru með Benedikt Arnórsson og Snæbjörn Ólason. Sigvaldi H. Ragnarsson var með í för um sitt uppgræðslusvæði á Hákonarstöðum þann 16. og svo Stefán Ólason um uppgræðslusvæðið í Merki sama dag.

15. september: Farið var um helstu uppgræðslusvæði Landbótasjóðs Norður-Héraðs til að meta árangur aðgerða og leggja á ráðin um framhald aðgerða á hverju svæði fyrir næsta ár. Stoppað var í mötuneyti Landsvirkjunar á Kárahnjúkum og snæddur hádegismatur þar.

- Brú utan Þverár: Árangurinn er góður en svæðið er erfitt yfirferðar vegna bratta. Lagt er til að ekki verði borið á þetta svæði á næsta ári.



Mynd 1: Brú utan Þverár

- Vaðbrekkuháls: Borið er á annað hvert ár á sitthvorn hlutann til skiptis, góður árangur.
- Hrafnkelsdalur: Lagt er til að borið verði á svæðið við „Stóra mó“ á næsta ári og einnig á rofsvæðin í hliðinni ofan vegar. Svæðið sem er óvéltækt vegna bratta hentar vel sem vinnusvæði fyrir unglingahópinn.
- Skænudalur: Svæðið ofan vegar hefur verið í hvíld í 2 ár og lítur út fyrir að bera þurfti á það á næsta ári. Svæðið neðan vegar sem fékk heldur engann áburð í ár lítur vel út og þarf ekki að bera á það á næsta ári. Á efsta svæðið var borið á um 100 kg á hektara. Stærsti hlutinn þar hefur þá fengið áburð í tvö ár í röð en svæðið var aðeins stækkað í ár. Góður árangur.



Mynd 2: Skænudalur, horft niður.

- Faxahús: Góður árangur. Talað var um að hvíla stærsta hlutann á næsta ári og bera frekar meira á í byggð í Hrafnkelsdal en nauðsynlegt er að hafa samráð um það við landeigenda.



Mynd 3: Faxahús

- Laugarvellir: Ekki var borið á það svæði í ár. Árangur fyrri uppgræðslur er mjög vel sýnilegur. Bera þarf á þetta svæði næsta ár. Nauðsynlegt er að athuga stærð núverandi uppgræðslusvæðis til að átta sig á áburðarþörfinni sem þarf einnig að miðaðst við stærð og ferðir dreifara.
- Hallarfjall: Árangurinn af uppgræðslunni þar er ótrúlega góður. Ekki var borið á svæðið á þessu ári og ekki er áætlað að bera á það á næstunni. Það er mjög áhugavert að fylgjast með framvindunni.



Mynd 4: Við Hallarfjall.

- Múli: Borið var á fyrir neðan veg en það svæði leit ekki vel út í vor. Góður árangur, einnig ofan vegar og ekki er gert ráð fyrir að bera á það svæði á næsta ári.



Mynd 5: Horft yfir á uppgræðslusvæði austan Djúpagils í landi Brúar

- Brú: Átak var gert í ár við að bera á eldri uppgræðslusvæðin milli Þverá og vegarins upp frá Brú. Árangurinn er góður. Á næsta ári þarf að leggja áherslu á að bera á mela framan og vestan við veginn, neðan við Grænöxl og utan Garðár.
- Milli vatna: Á svæðinu við Þverárvatn og milli Þverárvatns og Ánavatns er enn virkt og sendið rofsvæði þó að búið sé að stoppa mikið með uppgræðsluaðgerðum. Leggja þarf áherslu á að bera á það svæði á næsta ári.
- Grunnvatnsalda: Árangurinn af uppgræðslu í heild er mjög góður og svæðið gjörbreytt. Lagt var til að borið verði á ytri ölduna út að vörðu á næsta ári. Hér mætti jafnvel skoða hvort það ætti að bera á góðan skammt þar sem svæðið hentar einnig sem „gildra“ fyrir kindur. Vestan vegar var svæðið stækkað í ár, borið á um 100 kg á hektara.
- Utan við Skollavík: Fremst í melnum við vatnið hefur aðeins einni sinni verið borið á og einu sinni sáð í rofabörðin. Það svæði þarfa að fá áburð á næsta ári.
- Sænautasel: Það svæði hefur hentað vel sem „gildra“ fyrir kindur en Grunnvatnsaldan og Skollavík hentar einnig vel í það.
- Jökuldalsheiði milli vegar: Góður árangur.

Skoðaðar voru skráningar sumarsins og þær bætтар. Mjög gott var að hafa dreifingaraðila þá Benedikt og Snæbjörn með í ferðinni sem skýrðu vel frá aðgerðum og aðstæðum og hafa mikinn áhuga á því að árangurinn á svæðunum verði sem mestur.

16. september: Farið var um helstu uppgræðslusvæði bænda sem hafa fengið styrk úr Landbótasjóði Norður-Héraðs.

- Mælivellir og Hnefilsstaðir: Árangur uppgræðslunnar sést vel af veginum og er að breyta ásýnd Hnefilsins til muna.
- Hákonarstaðir: 1,8 tn af áburði var borið á þann 6. júlí á svæði upp við Binnubúð. Þar var borið á í annað skipti og árangurinn er góður. Binnubúð er í um 612 m.h.y.s. Hér er verið að tengja saman gróðurlendi og græða upp stórt gróðurlítið skar sem er milli gróðurlenda. Gott væri að sá grasfræi í rofabörðin á næsta ári.



Mynd 6: Við Binnubúð

- Merki: Ekki var borið á þetta svæði í ár en það hefur tvisvar áður fengið áburð. Árangurinn þeirri aðgerða er enn mjög sýnilegur og rofið hefur minnkað. Lagt er til að bera á svæðið á næsta ári og að nota einnig fræ í rofabörðin. Svæðið er í um 550 til 560 m.h.y.s.



Mynd 7: Uppgræðslusvæðið á heiðinni við Merki

- Möðrudalur: Ekið var um þau gríðarlega stóru uppgræðslusvæði þar sem árangurinn er að venju góður. Borið er á um 50 kg á hektara.



Mynd 8: Í Möðrudal, vinstra megin sést árangur tveggja ára áburðargjafar og hægra megin var borið á í fyrsta skipti í sumar

Eftir þessa tveggja daga skoðunarferð var ráðgjafarnefndin sammála um að árangur uppgræðslunnar í heild væri góður þó að sumstaðar hafi þurrkurinn væntanlega eitthvað dregið úr honum. Rætt hefur verið m.a. um það að nauðsynlegt sé að taka vel tillit til tæknilega aðstæðna við úthlutun á áburðarmagni. Til dæmis ætti að aðlaga magnið að stærð dreifara á hverju svæði þannig að hver ferð með dreifara væri fullnýtt. Málefni vinnuskóla Landsvirkjunar barst í tal. Í samkomulagi milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar þáverandi Norður-Héraðs um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun frá hausti 2002 kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir kostnaði við vinnuframlag unglunga í starfi hjá Landsvirkjun að landbótum í héraðinu fyrir upphæð sem nemur kr. 3.5 milljónum á ári í 15 ár. Ekki hefur staðið við þetta ákvæði í samningnum. Ráðgjafarnefndin leggur til að sótt verði um vinnu unglunga við ákveðin verkefni í vetur.

Ekki var hægt að skoða uppgræðslusvæði Landbótasjóðsins við áreyrar Jöklu þar sem mikið vatn er í ánni. Rennslið yfir yfirfallið þessa daga er um 300 m³/sek. Ákveðið var að fara þangað þegar vatnsmagnið hefur minnkað.

Fundargerðir stjórnar LNH 2007

Fundargerð 35. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 25.02 2008

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir,

Fundur settur kl.16:00 Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2007: Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 239.987.414 Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikning sjóðsins fullfrágenginn til ríkisendurskoðunar, ráðgjafarnefndar sjóðsins, Landsvirkjunar, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuð koman og vék hann síðan af fundi.

2. Áburðarkaup 2008. Til ráðstöfunar á þessu ári eru um 20millj króna. Áburðarverð hefur hækkað mikið milli ára hjá áburðarsölum. Samþykkt að óska eftir tilboðum í 200 til 250 tonn af áburði.
3. Dreifingaraðilar: Samningur við dreifingaraðila er runninn út. Frestað að ákveða framhald.
4. Ráðgjafanefnd: Funda þarf með ráðgjafanefnd sjóðsins á næstunni vegna framkvæmda í sumar.
5. Ákveðið að halda næsta fund þegar áburðarverð liggur fyrir.

Fleira ekki gert fundi slitið kl: 18:55

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 36. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 03.03 2008

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir, einnig mættu til fundarins Arnór Benediktsson og Guðrún Schmidt

Fundur settur kl.16:00 Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

6. **Áburðarkaup 2008.** Tilboð hafa borist frá 3 aðilum vegna áburðarkaupa Áburðarverksmiðjunni/Fóðurlöndunni hf, Sláturfélagi Suðurlands svf.og Búaðföngum ehf . Fundarmenn yfirfóru tilboðin og samþykkt að ganga til samninga við Búaðföng ehf um kaup á áburði 2008.
7. **Áburðardreifing/Bændadreifing:** Samþykkt að áburður til bænda/landeigenda verði á þessu ári um 25 tonn. Ráðgjafanefnd falið að leggja fram tillögur um skiptingu milli þeirra sem fengu úthlutað 2007.
8. **Áburðarflutningur:** Guðmundi falið að ræða við Sigurð H. Jónsson um áburðarflutning.
9. **Dreifingaraðilar.** Samningar eru lausir við dreifingaraðila. Guðrúnu falið að afla upplýsinga frá Landgræðslunni vegna útboða. Frekari ákvörðun frestað.
10. **Framkvæmdir 2008.** Ráðgjafanefnd sjóðsins er falið að gera tillögur að framkvæmdum næsta sumar en gert er ráð fyrir að ekki verði hægt að dreifa nema 200 tonnum af áburði sem er um 35% minkun vegna mikillar hækkunar á áburði.

Arnóri og Guðrúnu þökkuð koman.

Fleira ekki gert fundi slitið kl: 18:35

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 37. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 12.03 2008

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir, Vilhjámur Snædal og Jón Steinar Elisson.

Fundur settur kl.18:30 Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Boðuð var til fundarins stjórn og varastjórn.

1. **Dreifingaraðilar.** Erindinu var frestað á 36 fundi. Guðmundur Ólason hefur aflað upplýsinga frá Landgræðslunni vegna útboða og einnig hefur hann fengið álit á eldri samningi. Nokkrar umræður urðu um málið. Samþykkt var að leita eftir framlengingu á samningi um dreifingu á áburði við Benedikt Arnórsson og Snæbjörn Ólason til þriggja

ára.. Einnig var samþykkt að leita eftir samningi við Sigurð H. Jónsson um flutning á áburði til sama tíma. Eygló Ormarsdóttir og Guðmundur Ólason tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Fleira ekki gert fundi slitið kl: 19:00

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 38. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 23.05 2008

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.9:00 Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Samningar:** Undirritaðir voru samningar við Hofteig ehf, Snæbjörn Ólason og Mælihol ehf um áburðarflutning og áburðardreifingu til þriggja ára. Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Ólason og Sigurður H. Jónsson sátu fundinn undir þessum lið.
2. **Framlag til bænda 2008:** Ákveðið var að úthluta eftirfarandi magni af áburði til bændadreifingar.

- a. Sigvalda Ragnarssyni, úthlutun ákveðin 1,8 tonn
- b. Braga S. Björgvinssyni, úthlutun ákveðin 1,8 tonn
- c. Þorsteini Snædal, úthlutun ákveðin 6 tonn,
- d. Sigurði Hallgrími Jónssyni, úthlutun ákveðin 6 tonn,
- e. Kjartani Sigurðssyni, úthlutun ákveðin 2,4 tonn,
- f. Stefáni H. Jónssyni og Halldóru Eypórsdóttur, úthlutun ákveðin 2,4 tonn
- g. Vernharði Vilhjálmsyni, úthlutun ákveðin 6 tonn

Samþykkt að afhenda bændum áburðinn heim á hlað og greiða fyrir dreifingu á áburði kr.14.250 pr tonn +vsk til þeirra sem dreifa áburðinum sjálfir. Bændur sem hugsa sér að fá verktaka landbótasjóðs til að dreifa koma áburðinum á uppgræðsluvæðin. Öll dreifing þarf að vera GPS skráð og fara fram á bilinu 10. júní til 10 júlí.

3. Stefnt er að fara í skoðunarferð á uppgræðsluvæði í sumar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 12:25

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Minnispunktur 39. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 27.06 2008

Minnispunktur

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Vilhjálmur Snædal og Anna H. Bragadóttir ásamt Arnóri Benediktssyni, Dagbjarti Jónssyni, Guðrúnu Schmidt og Benedikt Arnórssyni

Fundurinn var haldinn að frumkvæði ráðgjafarnefndar sjóðsins og fundargerð rituð af starfsmanni ráðgjafarnefndar Guðrúnu Schmidt

Farið var yfir áætlun um uppgræðslu 2008. Keypt var fræ til að sá í Jökulsáreyrar.

Valtra á allt svæði sem sett er grasfræ í .

Mynda á aftur eyrarnar í haust.

Gerð var tilraun með rykbindingu á áreyrum á vegum LV 28.05 2008 LV hefur áhuga á að gera fleiri tilraunir.

Gerð var athugasemd við ósamræmi í árskýrslu Landbótasjóðs. Skráning gróðursetningar þarf að vera í betra lagi athuga þarf í samráði við Landgræðslu. Guðrúnu falið að athuga málið.

Guðmundi falið að ræða við Halldór á Skriðufelli um raðsáningarvél. Guðmundur bauð Dagbjart velkomin til starfa í ráðgjafanefnd.

Pétur Ingólfsson tók jákvætt í að koma til móts við að sá fræi í áreyrar. Dagbjarti falið að tala við Pétur vegna þessa.

Senda þarf fundargerðir frá ráðgjafanefnd til Landbótasjóðs og öfugt. Benedikt ræddi um minkað magn á áburði og etv þurfi að endurskoða gjald vegna dreifingar, sértaklega svæði B 100 kg pr ha þarf etv að skoða. Einnig að skoða með kaup á staðsetningartæki fyrir næsta sumar.

Guðmundur varpaði fram hugmynd um að LV greiddi völrúna á fræi.

Minnispunkta ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 40. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 08.12 2008


Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.17::00 á Hótel Hérað. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Verkefni sumarsins:** Guðmundur Ólason fór yfir verkefni sumarsins. Landsvirkjun hefur samþykkt að greiða völrúna á áreyrum sem unnin var í sumar um kr. 800.000. Kostnaður árið 2008 er á áætlun.
2. **Skipulagsskrá Landbótasjóðs Norður-Héraðs.** Rætt var um breytingar á skipulagsskránni. Málinu frestað til næsta fundar.
3. **Bókhald.** Guðmundi Ólasyni falið að skoða bókhaldsmál sjóðsins og ræða við fleiri bókhaldara.
4. **Ráðgjafanefnd** Guðrún Schmidt og Arnór Benediktsson fulltrúar ráðgjafanefndar mættu nú til fundar og fóru yfir dreifingu og sáningu í sumar. Ekki var farin skoðunarferð á áreyrar í haust eins og gert hafði verið ráð fyrir. Arnór fór þó og leit á svæðið og virtist sáning koma vel út. Þann 15 sept. Var farið inná heiði í skoðunarferð á vegum ráðgjafanefndar. Minkað áburðarmagn kemur misjafnlega út. Virðist vera í lagi að dreifa minna þar sem uppgræðsla er komin af stað. Þann 16. Sept. voru skoðaðir uppgræðslustaðir hjá bændum. Á Hákonarstöðum, Merki og Möðrudal. Í Möðrudal er dreift 50 kg á h.a. og kemur það ágætlega út. Kostnaður við uppgræðslu á Jökulsáreyrum er umtalsvert dýrari en á öðrum svæðum sjóðsins og kemur þar margt til s.s. kaup á fræi, meiri kostnaður við dreifingu, en vinnslubreidd dreifara fer úr 36 metrum í 7 metra vegna þess að fræið er svo miklu léttara en áburðurinn. Ofan á þetta bætist svo kostnaður við völrúna. Því er mjög mikilvægt að fylgjast vel með árangri uppgræðslustarfsins á eyrunum og gera sem nákvæmasta kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir á þessu svæði fyrir næsta ár.. Skv. áliti Sigurðar Pálssonar endurskoðanda um fjármagn til næsta árs taldi hann að ekki yrði mikil aukning á fjármagni. Ráðgjafanefnd falið að skoða hvort hægt er að nýta sumarvinnu Landsvirkjunar til uppgræðslustarfa. Reiknað er með að bændadreifing verði með svipuðu sniði á næsta ári. Taka þarf tillit til hreiðurstæða á áreyrum og finna sem heppilegastan tíma til dreifingar. Ráðgjafanefnd kemur saman eftir áramót til áætlunargerðar sem hún síðan kynnir fyrir sjóðstjórn



Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir



Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs árið 2008


Aðgerðir Landbótasjóðs Norðurl - Héraðs árið 2008




Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs árið 2008

Aðgerðasvæði LNH 2008
Vegir

Möörudalur




Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs



Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs

Aðgerðir LNH eftir árum



Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2008

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2008

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Við höfum kannað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2008, hreinni eign hans 31. desember 2008, og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 3. mars 2009

Deloitte hf.

Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 27,4 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 3,3 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 18,8 millj. kr., og er ónýtt heimild til úthlutunar því alls 11,9 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2009 geti orðið u.þ.b. 20,4 milljónir króna auk þess sem nú er óráðstafað, eða alls um 32,3 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Brúarási, 3. mars 2009

Í stjórn

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2008

	Skýr.	2008	2007
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	2.353.026	1.334.294
Hreindýraarður		982.651	835.865
		<u>7.335.677</u>	<u>6.170.159</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	46.636.011	22.007.877
Fjármagnstekjuskattur	8	(4.663.601)	(2.200.785)
Vaxtagjöld	8	(4.039)	(6.933)
		<u>41.968.371</u>	<u>19.800.159</u>
		<u>49.304.048</u>	<u>25.970.318</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður		(18.798.048)	(16.559.835)
		<u>(18.798.048)</u>	<u>(16.559.835)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	9.040.345	(1.863.112)
		<u>9.040.345</u>	<u>(1.863.112)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu			
	5	39.546.345	7.547.371
Hrein eign frá fyrra ári			
		<u>240.389.590</u>	<u>232.842.219</u>
Hrein eign í árslok			
	5	<u>279.935.935</u>	<u>240.389.590</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	63.492.795	54.452.450
		<u>63.492.795</u>	<u>54.452.450</u>
Kröfur			
Skammtímakröfur		351.214	288.993
		<u>351.214</u>	<u>288.993</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	216.108.376	186.303.541
		<u>216.108.376</u>	<u>186.303.541</u>
		<u>279.952.385</u>	<u>241.044.984</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur launakostnaður		0	297.169
Annar ógreiddur kostnaður		16.450	358.225
		<u>16.450</u>	<u>655.394</u>
Hrein eign		<u>279.935.935</u>	<u>240.389.590</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	11.921.595	3.281.304
Til ráðstöfunar síðar	5	268.014.340	237.108.286
Hrein eign samtals		<u>279.935.935</u>	<u>240.389.590</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2008

	Skýr.	2008	2007
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	6.353.026	5.099.556
Aðrar innborgaðar tekjur	5	920.430	835.865
Innborgaðir vextir	8	41.972.410	19.807.092
		<u>49.245.866</u>	<u>25.742.513</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(19.436.992)	(16.297.610)
Vaxtagjöld	8	(4.039)	(6.933)
		<u>(19.441.031)</u>	<u>(16.304.543)</u>
Hækkun á handbæru fé		29.804.835	9.437.970
Handbært fé í ársbyrjun		<u>186.303.541</u>	<u>176.865.571</u>
Handbært fé í lok árs		<u>216.108.376</u>	<u>186.303.541</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greidd á 15 árum. Framlöggin eru verðtryggð með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 164.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2008	2007
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	164.000.000	160.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	12.962.535	10.609.509
Greitt alls.....	176.962.535	170.609.509
Framlög til og með árinu 2017.....	36.000.000	40.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	27.492.795	14.452.450
Óhafin framlög samtals.....	63.492.795	54.452.450
	<u>240.455.330</u>	<u>225.061.959</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er að mestu ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2008	2007
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	237.108.286	230.381.843
Verðtrygging höfuðstóls	38.788.829	13.500.965
Laust til ráðstöfunar, 1/35 (1/36) hluti	(7.882.775)	(6.774.522)
	<u>268.014.340</u>	<u>237.108.286</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	3.281.304	2.460.376
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	7.882.775	6.774.522
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	18.572.913	9.770.376
Hreindýraarður	982.651	835.865
Ráðstafað á árinu	(18.798.048)	(16.559.835)
Óráðstöfuð heimild í árslok	<u>11.921.595</u>	<u>3.281.304</u>
Hrein eign samtals	<u><u>279.935.935</u></u>	<u><u>240.389.590</u></u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti og eignarskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2008	2007
Vextir af bankareikningi.....	46.636.011	22.007.877
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(4.663.601)	(2.200.785)
Vaxtagjöld	(4.039)	(6.933)
	<u>41.968.371</u>	<u>19.800.159</u>

Skýringar og sundurliðanir

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	11.961.990	8.663.642
Aðkeypt vinna verktaka	3.734.158	5.242.158
Flutningskostnaður	1.665.567	938.682
Landbótaframlög	0	200.000
Gjaldfærð áhöld	0	127.762
Tækjaleiga	398.400	119.831
Vinnulaun	643.904	789.427
Tryggingagjald	36.869	45.183
Lífeyrissjóður	46.528	56.704
Fundakostnaður	40.200	29.050
Annar ósundurliðaður kostnaður	0	2.682
Bókhald og reikningsskil	270.432	344.714
	<u>18.798.048</u>	<u>16.559.835</u>